

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

ICOTYDE 200 mg filmuhúðaðar töflur

2. INNIHALDSLÝSING

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur ikotrókinra hýdróklóríð sem samsvarar 200 mg af ikotrókinra.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Filmuhúðuð tafla (tafla).

Gulappelsínugul til gulbrún, sporöskjulaga, filmuhúðuð tafla, um það bil 19 mm að lengd og 9 mm á breidd með „200“ ígrafið á annarri hliðinni og „JNJ“ á hinni hliðinni.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

ICOTYDE er ætlað til meðferðar á miðlungsmiklum og verulegum skellusóra hjá fullorðnum, og unglingum 12 ára og eldri sem vega að minnsta kosti 40 kg, þar sem altæk meðferð á við.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Meðferð skal hafin undir leiðsögn og eftirliti læknis með reynslu í greiningu og meðferð skellusóra.

Fullorðnir og unglingar sem vega að minnsta kosti 40 kg

Ráðlagður skammtur af ICOTYDE er 200 mg til inntöku einu sinni daglega á fastandi maga (sjá „Lyfjagjöf“).

Sýni sjúklingur engin merki um meðferðarávinning eftir 24 vikna meðferð skal íhuga að hætta meðferðinni. Gera skal reglulegt mat á svörun sjúklingsins. Sumir sjúklingar með skellusóra sem í upphafi sýna svörun að hluta geta síðar sýnt meiri bata með áframhaldandi meðferð lengur en í 24 vikur.

Gleymdur skammtur

Ef skammtur gleymist skal leiðbeina sjúklingum að taka skammtinn eins fljótt og hægt er samdægurs og halda svo áfram með venjulega skammtaáætlun næsta dag.

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir

Engin þörf er á skammtaöðlun fyrir aldraða sjúklinga á aldrinum 65 ára og eldri (sjá kafla 5.2).

Skert nýrnastarfsemi

Engin skammtaaðlögun er ráðlögð fyrir sjúklinga með væga, í meðallagi eða verulega skerta nýrnastarfsemi. ICOTYDE hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi og notkun hjá þessum sjúklingum skal aðeins fara fram ef ávinningur vegur þyngra en möguleg áhætta (sjá kafla 5.2).

Skert lifrastarfsemi

Engin skammtaaðlögun er ráðlögð fyrir sjúklinga með vægt, í meðallagi eða verulega skerta lifrastarfsemi (sjá kafla 5.2).

Börn

Ráðlagður skammtur hjá börnum á aldrinum 12 ára til yngri en 18 ára sem vega að minnsta kosti 40 kg er sá sami og fyrir fullorðna (sjá hér að framan).

Öryggi og verkun ICOTYDE hjá börnum yngri en 12 ára að aldri og börnum sem vega minna en 40 kg hefur ekki verið staðfest hingað til. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

Til inntöku.

ICOTYDE filmuhúðaðar töflur skal taka inn þegar vaknað er, á fastandi maga með vatni að minnsta kosti 30 mín. fyrir máltíð (sjá kafla 5.2). Gleypa skal filmuhúðuðu töflurnar í heilu lagi.

Önnur aðferð við lyfjagjöf

Fyrir sjúklinga sem eiga erfitt með að kyngja heilum töflum er hægt að sundra ICOTYDE 200 mg filmuhúðaðri töflu í vatni.

Sjúklingar skulu setja eina ICOTYDE 200 mg filmuhúðaða töflu í glas sem inniheldur ekki minna en 120 ml af vatni. Það getur tekið nokkrar mínútur fyrir filmuhúðuðu töfluna að sundrast. Verið getur að filmuhúðaða taflan sundrist ekki fullkomlega. Útlit mixtúrunnar getur verið gult, mjólkurkennt, eða skýjað og litlir töfluhlutar geta verið sýnilegir í vatninu sem er öruggt að kyngja. Snúa skal glasinu rólega í hringi áður en drukkið er. Kyngja skal allri mixtúrunni.

Sjúklingar skulu fylla glasið með að minnsta kosti 120 ml af vatni til viðbótar til að tryggja að allur skammturinn sé tekinn inn og öllu innihaldinu kyngt. Taka skal ICOTYDE filmuhúðaða töflu eins fljótt og hægt er eftir að hún er blönduð í vatni.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

Klínískt mikilvægar virkar sýkingar (t.d. virkir berklar, sjá kafla 4.4).

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Bólusetningar

Engar upplýsingar liggja fyrir um svörun við bólusetningum meðan á meðferð með ikotrokinra stendur. Í varúðarskyni skal íhuga, áður en meðferð hefst, að ljúka við allar bólusetningar sem ráðlagðar eru miðað við aldur og samkvæmt gildandi fyrirkomulagi fyrir bólusetningar. Ekki er mælt með gjöf lifandi bóluefna meðan á meðferð með ikotrokinra stendur og innan 3 daga eftir að meðferð ikotrokinra er hætt.

Sjá ráðleggingar um lyfjagjöf lifandi bóluefna hjá nýburum sem mögulega hafa verið útsettir á meðgöngu í kafla 4.6.

Sýkingar

Lyf sem verka á ónæmiskerfið geta aukið hættu á sýkingu. Ekki skal hefja meðferð hjá sjúklingum með einhverja klínískt mikilvæga virka sýkingu fyrr en sýkingin er yfirstaðin eða hefur verið meðhöndluð á fullnægjandi hátt. Ef teikn eða einkenni koma fram sem benda til langvinnrar eða bráðrar sýkingar sem hefur klíníska þýðingu skal leiðbeina sjúklingum að leita læknis. Ef sjúklingur fær slíka sýkingu og/eða svarar ekki hefðbundinni meðferð skal fylgjast náið með sjúklingnum og hætta meðferð með ikotrokinra þar til sýkingin er yfirstaðin.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Lifandi bóluefni/lyf sem innihalda smitefni

Ekki skal gefa sjúklingum lifandi bóluefni meðan á meðferð með ikotrokinra stendur og innan 3 daga eftir að meðferð með ikotrokinra er hætt (sjá kafla 4.4 og 4.6).

Milliverkanir við önnur lyf

Engar rannsóknir á klínískum lyfjamilliverkunum hafa verið gerðar með ikotrokinra.

Samkvæmt *in vitro* rannsóknum er ikotrokinra ekki hvarfefni, hemill eða virkir fyrir CYP ensím. Ikotrokinra er hvorki hvarfefni né hemill fyrir P-glýkóprótein (P-gp) né aðrar helstu lyfjaferjurnar. Því er ekki búist við milliverkunum við lyf.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Meðganga

Engar eða takmarkaðar upplýsingar (innan við 300 þunganir) liggja fyrir um notkun ikotrokinra hjá þunguðum konum. Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa á æxlun (sjá kafla 5.3).

Til öryggis ætti að forðast notkun ICOTYDE á meðgöngu.

Ekki er vitað hvort ikotrokinra berst yfir fylgu. Í varúðarskyni er ekki mælt með gjöf lifandi bóluefna hjá nýburum sem voru mögulega útsettir fyrir ikotrokinra á meðgöngu, innan fyrstu 3 daganna eftir fæðingu. Ef til staðar er skýr klínískur ávinningur fyrir einstaka ungbarn má taka til skoðunar gjöf með lifandi bóluefni (sjá kafla 4.4 og 4.5).

Brjóstagjöf

Ekki er þekkt hvort ikotrokinra/umbrotsefni skiljast út í brjóstamjól. Fyrirliggjandi upplýsingar um lyfjahvörf hjá dýrum hafa sýnt að ikotrokinra er til staðar í plasma hjá rottuungum sem fá móðurmjól (sjá kafla 5.3). Ekki er hægt að útiloka hættu fyrir nýbura/ungbörn. Vega þarf og meta kosti brjóstagjafar fyrir barnið og ávinning meðferðar fyrir konuna og ákveða á grundvelli matsins hvort hætta eigi brjóstagjöf eða hætta/hefja ekki meðferð með ICOTYDE.

Frjósemi

Mat á áhrifum ikotrokinra á frjósemi manna liggur ekki fyrir. Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa á frjósemi (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

ICOTYDE hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Algengustu aukaverkanirnar sem voru tilkynntar voru sveppasýkingar (1,1%).

Tafla með aukaverkunum

Aukaverkanir ikotrokinra úr klínískum rannsóknum eru taldar upp (sjá töflu 1) eftir MedDRA flokkun eftir líffærakerfum og samkvæmt eftirfarandi: Mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$) og tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).

Tafla 1: Listi yfir aukaverkanir

Líffærakerfi	Tíðni	Aukaverkun
Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra	Algengar	Sveppasýkingar ^a
	Sjaldgæfar	Sarpbólga

^a Sveppasýkingar fela í sér fótisvepp (n = 4), litbrigðasvepp (n = 2), hvítsveppasýkingu í munni (n = 2), naglasvepp (n = 1), hvítsveppasýkingu í húð (n = 1), hvítsveppasýkingu í þvagrás (n = 1), hvítsveppasýkingu í sköpum og leggöngum (n = 1), sveppasýkingu í húð (n = 1), sveppasýkingu á kynfærum (n = 1), sveppasýkingu í eyra (n = 1) og barkakýlisbólgu af völdum sveppasýkingar (n = 1).

Börn

Alls hafa 72 börn 12 ára til yngri en 18 ára fengið meðhöndlun með ikotrokinra 200 mg til inntöku einu sinni daglega í tveimur klínískum rannsóknum á miðlungsmiklum og verulegum skellusóra. Af þeim, fékk 71 sjúklingur ikotrokinra í að minnsta kosti 6 mánuði og 67 sjúklingar fengu ikotrokinra í að minnsta kosti eitt ár. Öryggi hjá unglingum var sambærilegt við öryggi sem sást hjá heildarrannsóknarþýðinu.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá Appendix V

4.9 Ofskömmun

Í klínískum rannsóknum voru heilbrigðum einstaklingum gefnir stakir ikotrokinra skammtar til inntöku í skömmum allt að 1.000 mg án aukaverkana.

Engin sérstök meðferð við ofskömmun er til. Ef ofskömmun á sér stað skal veita viðeigandi meðferð við einkennum.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Ónæmisbælandi lyf, interleukínhemlar, ATC-flokkur: L04AC28.

Verkunarháttur

Ikotrokinra er peptíð sem binst sértækt við IL-23 viðtaka (IL-23R) með mikilli sækni og hamlar með samkeppni bindingu við IL-23. IL-23 er cýtókín sem finnst í líkamanum og á þátt í bólgu- og

ónæmissvörun, en þegar það er framleitt í umframmagni á það þátt í langvarandi bólgu sem tengist skellusóra. Ikotrokinra kemur í veg fyrir IL-23/IL-23R-háða losun á forbólugumiðlandi cýtókínunum.

Lyfhrif

Eftir meðferð með ikotrokinra voru sermisgildi IL-17A, IL-17F, IL-22, β -defensín-2, og IL-19 lækkuð hjá sjúklingum með skellusóra sem gengust undir mat. Gildi genatjáningar *IL-17A*, *IL-17F*, *IL-22*, *DEFB4A* og *IL-19* í sórasýktri húð náðu aftur eðlilegum gildum eins og í húð án sáraskemmda (non-lesional). Einnig dró úr húðþekjuþykkt og þéttleika T-frumna, þar með talið CD8⁺ T-minnisfrumna til staðar í vefjum.

Ónæmissvörun

Í samræmi við mögulega ónæmisvekjandi eiginleika lyfja sem innihalda prótein eða peptíð, geta sjúklingar myndað mótefni í kjölfar meðferðar með ikotrokinra.

Í fjórum 3. stigs klínískum rannsóknum til og með 52. viku mynduðu 12,2% (291/2.387) sjúklinga sem fengu meðhöndlun með ikotrokinra mótefni gegn ikotrokinra. Af þessum sjúklingum sem mynduðu mótefni við ikotrokinra, var enginn með mótefni sem flokka má sem hlutleysandi mótefni.

Í tveimur 3. stigs klínískum rannsóknum (ICONIC-LEAD og ICONIC-TOTAL) til og með 52. viku mynduðu 32,4% (23/71) sjúklinga á unglingsaldri sem fengu meðhöndlun með ikotrokinra mótefni gegn ikotrokinra.

Engin klínískt marktæk áhrif vegna mótefna við lyfinu komu fram á lyfjahvörf, öryggi eða verkun ikotrokinra til og með 52. viku.

Verkun

Skellusóri

Verkun ikotrokinra 200 mg til inntöku einu sinni daglega var metin hjá 2.492 sjúklingum (2.420 fullorðnum og 72 unglíngum, 12 ára til yngri en 18 ára sem vógu að minnsta kosti 40 kg) með skellusóra þar sem altæk meðferð eða ljósameðferð átti við, í fjórum 3. stigs slembuðum, fjölsetra, tvíblindum, samanburðarrannsóknum með lyfleysu og/eða virku samanburðarlyfi, ICONIC-LEAD, ICONIC-TOTAL, ICONIC-ADVANCE 1 og ICONIC-ADVANCE 2.

Fullorðnir og unglíngar með miðlungsmikinn og verulegan skellusóra

Í ICONIC-LEAD voru skráðir 684 sjúklingar (618 fullorðnir og 66 unglíngar frá 12 ára aldri) með miðlungsmikinn og verulegan skellusóra. Sjúklingar fengu annaðhvort ikotrokinra 200 mg til inntöku einu sinni daglega eða lyfleysu í 16 vikur samkvæmt slembivali.

Í ICONIC-ADVANCE 1 og ICONIC-ADVANCE 2 var lagt mat á 1.497 fullorðna sjúklinga með miðlungsmikinn og verulegan skellusóra. Sjúklingar fengu annaðhvort ikotrokinra 200 mg til inntöku einu sinni daglega, deucravacitinib 6 mg til inntöku einu sinni daglega eða lyfleysu samkvæmt slembivali.

Í rannsóknunum þremur var miðlungsmikill og verulegur skellusóri skilgreindur sem IGA skor (Investigator's Global Assessment, þ.e. heildarmatskvarði rannsakanda) ≥ 3 , PASI skor (Psoriasis Area and Severity Index, þ.e. áhrifasvæði sórasjúkdóms og alvarleikastuðull) ≥ 12 og líkamsyfirborð (body surface area involvement, BSA) sem verður fyrir áhrifum sjúkdóms $\geq 10\%$.

Í rannsóknunum þremur voru 67% sjúklinga karlkyns og 76% sjúklinga hvítir. Meðalaldur var 45 (á bilinu: 12 til 86) ár, meðalþyngd í upphafi var 88 (á bilinu: 39 til 211) kg hjá fullorðnum og 73 (á bilinu: 41 til 130) kg hjá unglíngum, 3% voru 12 ára til yngri en 18 ára að aldri og 10% voru ≥ 65 ára. Í upphafi var miðgildi líkamsyfirborðs sem varð fyrir áhrifum sjúkdóms hjá sjúklingum 20,5%,

miðgildi PASI skors var 18, og 14% fullorðna og 4,5% unglunga höfðu sögu um sóraliðagigt. Hlutfall sjúklinga með IGA skor 3 [miðlungsmikill] í upphafi var 78% og IGA skor 4 [verulegur] í upphafi var 22%. Í upphafi höfðu 72% áður fengið altæka lyfjameðferð, 32% sjúklinga höfðu áður fengið ljósameðferð og 28% höfðu áður fengið meðferð með liffræðilegu lyfi (TNF-alfa tálmar: 13%, IL-12/23 tálmar: 8%, IL-23 tálmar: 9% og IL-17 tálmar: 9%).

Verkun ikotrokinra var metin með tilliti til heildarhúðsjúkdóms, sérstakra líkamssvæða (hársvörður, kynfæri, neglur, og hönd/fótur), sjúklingaskráðra niðurstaðna og áhrifa á lífsgæði. Samhliða endapunkturir voru hlutfall sjúklinga sem náðu (1) núll á IGA eða í lágmarki (IGA 0/1) ásamt að minnsta kosti tveggja stiga bætingu frá upphafi og (2) PASI 90 svörun í 16. viku samanborið við lyfleysu. Helstu klínísku niðurstöður eru tilgreindar í töflu 2.

Tafla 2: Yfirlit yfir klínísku svörun hjá fullorðnum sjúklingum og sjúklingum á unglingsaldri með miðlungsmikinn og verulegan skellusóra

Enda-punktur	ICONIC-LEAD		ICONIC-ADVANCE 1			ICONIC-ADVANCE 2		
	Ikotrokinra (N=456) n (%)	Lyfleysa (N=228) n (%)	Ikotrokinra (N=311) n (%)	Deucravacitinib (N=307) n (%)	Lyfleysa (N=156) n (%)	Ikotrokinra (N=320) n (%)	Deucravacitinib (N=322) n (%)	Lyfleysa (N=81) n (%)
Samhliða endapunktur^a								
IGA 0 eða 1 og ≥ 2-stiga bæting frá upphafi								
16. vika	295 (65%)	19 (8%)	213 (68%)	154 (50%) ^c	17 (11%)	227 (71%)	177 (55%) ^c	7 (9%)
Munur miðað við lyfleysu, % (95% CI)	--	56% (50%, 62%) ^b	--	--	58% (50%, 64%) ^b	--	--	63% (53%, 70%) ^b
24. vika	--	--	230 (74%)	161 (52%) ^c	--	220 (69%)	179 (56%) ^c	--
PASI 90								
16. vika	226 (50%)	10 (4,4%)	171 (55%)	91 (30%) ^c	6 (3,8%)	184 (58%)	111 (34%) ^c	1 (1,2%)
Munur miðað við lyfleysu, % (95% CI)	--	45% (40%, 50%) ^b	--	--	51% (44%, 57%) ^b	--	--	57% (49%, 62%) ^b
24. vika	--	--	205 (66%)	127 (41%) ^c	--	208 (65%)	141 (44%) ^c	--
Lykilaukaendapunktur								
IGA 0								
16. vika	152 (33%)	3 (1,3%) ^b	114 (37%)	48 (16%) ^c	3 (1,9%) ^b	118 (37%)	57 (18%) ^c	1 (1,2%) ^b
24. vika	--	--	150 (48%)	63 (21%) ^c	--	128 (40%)	68 (21%) ^c	--
PASI 100								
16. vika	123 (27%)	1 (0,4%) ^b	97 (31%)	34 (11%) ^c	2 (1,3%) ^b	102 (32%)	46 (14%) ^c	1 (1,2%) ^b
24. vika	--	--	129 (41%)	49 (16%) ^c	--	107 (33%)	52 (16%) ^c	--
ss-IGA 0/1 (hársvörður) og ≥ 2-stiga bæting frá upphafi								
N ^d	405	200	261	--	134	268	--	70
16. vika	293 (72%)	30 (15%) ^b	189 (72%)	--	28 (21%) ^b	199 (74%)	--	13 (19%) ^b

IGA = Heildarmatskvarði rannsakanda (Investigator's Global Assessment); CI = Öryggisbil; ss-IGA = Heildarmatskvarði rannsakanda sértækur fyrir hársvörð (scalp-specific Investigator's Global Assessment); PASI = Áhrifsvæði sórasjúkdóms og alvarleikastuðull (Psoriasis Area and Severity Index)

^a Samhliða endapunktur fyrir samanburð á ikotrokinra við lyfleysu í 16. viku. Lykilaukaendapunktur fyrir samanburð á ikotrokinra við deucravacitinib í 16. viku og 24. viku.

^b $p < 0,001$ fyrir samanburð á milli ikotrokinra og lyfleysu, leiðrétt fyrir margfeldni.

^c $p < 0,001$ fyrir samanburð á milli ikotrokinra og deucravacitinib, leiðrétt fyrir margfeldni.

^d Tekur með sjúklinga með ss-IGA upphafsskor ≥ 2 .

Í ICONIC-LEAD náði marktækt stærra hlutfall sjúklinga sem fengu ikotrokinra samkvæmt slembivali, PASI 75 í 4. viku, samanborið við lyfleysu (14,9% samanborið við 2,2%, talið upp í sömu röð, p -gildi $< 0,002$) og PASI 90 í 8. viku samanborið við lyfleysu (21% samanborið við 1,3%, talið upp í sömu röð, p -gildi $< 0,001$). Svipuð svörun sást í ICONIC-ADVANCE 1 og ICONIC-ADVANCE 2.


Viðhald og varanleiki til og með 52. viku (ICONIC-LEAD)

Fullorðnir sjúklingar sem fengu ikotrokinra 200 mg til inntöku einu sinni daglega í upphafi rannsóknar samkvæmt slembivali og voru PASI 75 svarendur eða IGA 0 eða 1 svarendur í 24. viku var slembiraðað aftur í hópa annaðhvort til að fá áfram ikotrokinra 200 mg eða að hætta meðferð (þ.e. fengu lyfleysu) og var fylgt eftir til og með 52. viku.

Meðal fullorðinna sem var raðað að nýju með slembivali og höfðu náð PASI 90 svörun í 24. viku, viðhélst svörun í 52. viku hjá 84% (108/128) sjúklinga sem fengu áfram ikotrokinra samanborið við 21% (27/129) sjúklinga sem skiptu yfir í lyfleysu samkvæmt slembivali. Miðgildi tímans þar til PASI 75 svörun tapaðist var 16 vikur og fyrir PASI 90 svörun um það bil 10 vikur, hjá þeim sem var slembiraðað til að skipta yfir í lyfleysu.

Mynd 1 sýnir prósentuhlutfall sjúklinga sem viðhalda PASI 90 svörun til og með 52. viku, eftir nýja slembiröðun í 24. viku í ICONIC-LEAD.

Mynd 1: PASI 90 svörunarhlutfall hjá fullorðnum sjúklingum sem voru PASI 90 svarendur í 24. viku, eftir nýja slembiröðun í 24. viku í ICONIC-LEAD




Svörun yfir tíma til og með 52. viku

Verkun ikotrokinra kom fljótlega fram hjá fullorðnum sjúklingum með IGA 0/1 svörun ásamt ≥ 2 -stiga bætingu frá upphafi, sem sást jafnvel strax í 4. viku, með áframhaldandi bætingu til og með 24. viku og var viðhaldið til og með 52. viku í ICONIC-ADVANCE 1 (sjá mynd 2).

Svipuð svörun til og með 52. viku sást í ICONIC-ADVANCE 1 og ICONIC-ADVANCE 2.

Mynd 2: Hlutfall fullorðinna sjúklinga með miðlungsmikinn og verulegan skellusóra með IGA 0/1 svörun ásamt ≥ 2 -stiga bætingu frá upphafi til og með 52. viku (ICONIC-ADVANCE 1)



Heilsutengd lífsgæði/sjúklingaskráðar niðurstöður (ICONIC-ADVANCE 1 og ICONIC-ADVANCE 2)

Tafla 3: Samantekt sjúklingaskráðra niðurstaðna hjá fullorðnum sjúklingum með miðlungsmikinn og verulegan skellusóra (ICONIC-ADVANCE 1 og ICONIC-ADVANCE 2)

Endapunktur	ICONIC-ADVANCE 1			ICONIC-ADVANCE 2		
	Iktrokinra (N=311) n (%)	Deucravacitinib (N=307) n (%)	Lyfleysa (N=156) n (%)	Iktrokinra (N=320) n (%)	Deucravacitinib (N=322) n (%)	Lyfleysa (N=81) n (%)
0 stiga skor fyrir einkenni skv. PSSD						
N ^a	286	272	142	296	282	70
8. vika	24 (8%)	--	3 (2,1%) ^b	27 (9%)	--	1 (1,4%) ^c
16. vika	68 (24%)	25 (9%) ^d	4 (2,8%) ^c	64 (22%)	36 (13%) ^f	0 ^e
PSSD fyrir kláða NRS (≥ 4-stiga bæting)						
N ^g	251	236	115	256	242	60
4. vika	56 (22%)	--	8 (7%) ^e	54 (21%)	--	3 (4,9%) ^h
16. vika	155 (62%)	127 (54%) ⁱ	19 (17%) ^e	154 (60%)	125 (52%) ⁱ	9 (15%) ^e
Skor sem er 0/1 skv. DLQI						
N ^j	304	294	149	317	318	80
16. vika	172 (57%)	121 (41%) ⁱ	17 (11%) ⁱ	168 (53%)	127 (40%) ⁱ	11 (14%) ⁱ

PSSD = Dagbókarskráð einkenni og teikn sórasjúkdóms (Psoriasis Symptoms and Signs Diary); NRS = Tölulegur mælikvarði (Numeric Rating Scale), DLQI = Lífsgæðastuðull skv. húðsjúkdómafræði (Dermatology Life Quality Index).

^a Tekur með sjúklinga með einkennaskor > 0 í upphafi skv. PSSD.

^b $p = 0,011$ fyrir samanburð á milli iktrokinra og lyfleysu, leiðrétt fyrir margfeldni.

^c $p = 0,025$ fyrir samanburð á milli iktrokinra og lyfleysu, leiðrétt fyrir margfeldni.

^d $p < 0,001$ fyrir samanburð á milli iktrokinra og deucravacitinib, leiðrétt fyrir margfeldni.

^e $p < 0,001$ fyrir samanburð á milli iktrokinra og lyfleysu, leiðrétt fyrir margfeldni.

^f $p = 0,005$ fyrir samanburð á milli iktrokinra og deucravacitinib, leiðrétt fyrir margfeldni.

^g Tekur með sjúklinga með upphafsskor ≥ 4 fyrir kláða skv. PSSD.

^h $p = 0,008$ fyrir samanburð á milli iktrokinra og lyfleysu, leiðrétt fyrir margfeldni.

ⁱ Þessir endapunktur fólu ekki í sér samanburð með tilliti til margfeldisáhrifa.

^j Tekur með sjúklinga með upphafsskor > 1 fyrir lífsgæði skv. húðsjúkdómafræði (DLQI).

Í 16. viku voru sjúklingaskráðar niðurstöður í ICONIC-LEAD hjá fullorðnum og unglingum sambærilegar við þær sem sáust í ICONIC-ADVANCE 1 og ICONIC-ADVANCE 2.

Fullorðnir og unglingar með skellusóra á sérstökum líkamssvæðum (hársvörður, kynfæri og hönd/fótur)

Í ICONIC-TOTAL voru skráðir fullorðnir sjúklingar og sjúklingar á unglingsaldri með skellusóra sem svöruðu ekki að minnsta kosti einni útvortis lyfjameðferð til að meðhöndla skellusóra. Að auki þurftu sjúklingar að vera með sóra sem var ekki vægari en miðlungsmikill í hársverði, kynfærum eða á hönd/fæti.

Alls fengu 311 sjúklingar (305 fullorðnir og 6 unglingar) með slembivali annað hvort ikotrokinra 200 mg til inntöku einu sinni daglega eða lyfleysu í 16 vikur; 64% voru karlkyns, og 78% voru hvítir. Meðalaldurinn var 45 (á bilinu: 12 til 87) ár, meðalþyngd í upphafi var 86 (á bilinu: 40 til 246) kg, 1,9% voru 12 ára til yngri en 18 ára, og 8% voru ≥ 65 ára. Hlutfall sjúklinga með frá 1% til innan við 10% líkamsyfirborðs sem verður fyrir áhrifum sjúkdóms var 36% með miðgildi líkamsyfirborðs sem verður fyrir áhrifum 12%. Hlutfall sjúklinga með upphafs-IGA skor 2 [vægur], 3 [miðlungsmikill] og 4 [verulegur] var 5%, 73%, og 22%, talið upp í sömu röð. Hlutfall sjúklinga með ss-IGA skor 3 eða hærra í upphafi var 81%. Hlutfall sjúklinga með sPGA-G skor (static Physician's Global Assessment of Genitalia, heildarmat læknis fyrir kynfæri) 3 eða hærra var 45%. Hlutfall sjúklinga með hf-PGA skor (Physician's Global Assessment of Hands and Feet, heildarmat læknis fyrir hönd/fót) 3 eða hærra var 23%. Undirhóparnir fyrir hársvörð, kynfæri og hönd/fót útilokuðu ekki hver annan. Í upphafi höfðu 73% áður fengið altæka lyfjameðferð, 39% sjúklinga höfðu áður fengið ljósameðferð og 33% höfðu áður fengið meðferð með líffræðilegu lyfi (TNF-alfa tálmar: 14%, IL-12/23 tálmar: 9%, IL-23 tálmar: 12% og IL-17 tálmar: 9%).

Aðalendapunkturinn var hlutfall sjúklinga sem fengu IGA skor 0 eða 1 og ≥ 2 -stiga bætingu frá upphafi í 16. viku. Helstu klínísku niðurstöður eru tilgreindar í töflu 4.

Tafla 4: Yfirlit yfir niðurstöður verkunar hjá sjúklingum, fullorðnum (n=305) og unglingum (n=6), með skellusóra á sérstökum líkamssvæðum (hársvörður, kynfæri og hönd/fótur) (ICONIC-TOTAL)

Endapunktur	Ikotrokinra (N=208) n (%)	Lyfleysa (N=103) n (%)
Aðalendapunktur		
IGA 0 eða 1 og ≥ 2-stiga bæting frá upphafi		
16. vika ^a	118 (57%)	6 (6%) ^b
Munur miðað við lyfleysu, % (95% CI)		51% (42%, 59%) ^b
Lykilaukaendapunktur		
ss-IGA 0/1 (hársvörður)		
N ^c	167	85
16. vika	110 (66%)	9 (11%) ^b
Kláði í hársverði (≥ 4-stiga bæting)		
N ^d	131	58
16. vika	77 (59%)	5 (9%) ^c
sPGA-G 0/1 (kynfæri)		
N ^f	98	42
16. vika	75 (77%)	9 (21%) ^b
GPSS kláði í kynfærum (≥ 4-stiga bæting)		
N ^g	69	31
16. vika	44 (64%)	4 (13%) ^c
GenPs-SFQ þáttur 2 skor 0/1 (kynfæri)		
N ^h	55	25
16. vika	44 (80%)	9 (36%) ^c
hf-PGA 0/1 (hönd/fótur)		
N ⁱ	48	23
16. vika	20 (42%)	6 (26%) ^j

IGA = Heildarmatskvarði rannsakanda (Investigator's Global Assessment); CI = Öryggisbil; ss-IGA = Heildarmatskvarði rannsakanda fyrir hársverð (Scalp-specific Investigator Global Assessment); s-PGA-G = Heildarmatskvarði læknis fyrir kynfæri (Static Physician's Global Assessment of Genitalia); GPSS = Einkennaskor fyrir söræinkenni á kynfærum (Genital Psoriasis Symptoms Scale); GenPs-SFQ = Spurningalisti um kynlífstíðni vegna kynfærasóra (Genital Psoriasis Sexual Frequency Questionnaire); hf-PGA = Heildarmatskvarði læknis fyrir hendur og fætur (Physician's Global Assessment of Hands and Feet); NRS = Tölulegur mælikvarði (Numeric Rating Scale).

- a Aðalendapunktur fyrir samanburð á ikotrokinra við lyfleysu.
- b $p < 0,001$ fyrir samanburð á milli ikotrokinra og lyfleysu, leiðrétt fyrir margfeldni.
- c Tekur með sjúklinga með ss-IGA upphafsskor ≥ 3 .
- d Tekur með sjúklinga með upphafsskor ≥ 4 fyrir kláða í hársverði skv. NRS og upphafsskor ss-IGA ≥ 3 .
- e $p = 0,008$ fyrir samanburð á milli ikotrokinra og lyfleysu, leiðrétt fyrir margfeldni.
- f Tekur með sjúklinga með upphafsskor sPGA-G ≥ 3 .
- g Tekur með sjúklinga með upphafsskor GPSS ≥ 4 fyrir kláða í kynfærum skv. NRS og upphafsskor sPGA-G ≥ 3 .
- h Tekur með sjúklinga með upphafsskor GenPs-SFQ þátt 2 ≥ 2 og upphafsskor sPGA-G ≥ 3 .
- i Tekur með sjúklinga með upphafsskor hf-PGA ≥ 3 .
- j $p = 0,144$ fyrir samanburð á milli ikotrokinra og lyfleysu, leiðrétt fyrir margfeldni (náði ekki marktækni).

Í ICONIC-LEAD, kom fram meiri bati á sóra í nöglum, mælt sem meðal prósentubreyting á alvarleikastuðli fyrir naglasóra (modified Nail Psoriasis Severity Index, mNAPSI) frá upphafi, hjá sjúklingum sem fengu ikotrokinra samanborið við sjúklinga á 16. viku sem fengu meðferð með lyfleysu (ikotrokinra: -37,9%; lyfleysa: 1,7%). Þessi áhrif sáust út 24. viku.

Meðferð með ikotrokinra leiddi til stöðugar bætingar hjá sjúklingum sem voru í upphafi með sóra í hársverði, kynfærum, á hendi/fæti, eða í nöglum í rannsóknunum ICONIC-LEAD, ICONIC-ADVANCE 1, og ICONIC-ADVANCE 2. Þessi áhrif sáust út 24. viku.

Börn

Verkun ikotrokinra var metin hjá 72 unglingum frá 12 ára aldri sem vógu að minnsta kosti 40 kg.

Í ICONIC-LEAD rannsókninni voru 44% karlkyns og 73% hvítir. Meðalaldur unglinga var 15 (á bilinu: 12 til 17) ár, og meðalþyngd var 73 (á bilinu 41 til 130) kg. Hlutfall miðlungsmikils og verulegs skellusóra, miðgildi PASI og miðgildi líkamsyfirborðs undir áhrifum sjúkdóms í upphafi var sambærilegt hjá unglingum og fullorðnum. Miðgildi líkamsyfirborðs undir áhrifum sjúkdóms hjá unglingunum var 23% og miðgildi upphafsskors PASI var 18. Í upphafi ICONIC-LEAD rannsóknarinnar var hlutfall unglinga með sóra í hársverði (97%) og sóra á kynfærum (38%) sambærilegt við hlutfall hjá fullorðnum (94% og 37%, talið upp í sömu röð). Í upphafi var hlutfall fullorðinna með sóra á hendi/fæti herra eða 47% samanborið við unglinga (33%). Í upphafi höfðu 52% unglinga áður fengið altæka lyfjameðferð, 20% höfðu áður fengið ljósameðferð, og 23% höfðu áður fengið meðferð með líffræðilegu lyfi (TNF-alfa tálmar: 12%, IL-12/23 tálmar: 4,5%, IL-23 tálmar: 1,5% og IL-17 tálmar: 9%). Hlutfall þeirra sem hafði áður fengið altæka meðferð var lægra hjá unglingum samanborið við fullorðna, eins og búist var við. Niðurstöður úr ICONIC-LEAD fyrir unglinga eru tilgreindar í töflu 5 (endapunktur fólu ekki í sér samanburð með tilliti til margfeldisáhrifa).

Tafla 5: Yfirlit yfir klíniska svörun og sjúklingaskráðar niðurstöður fyrir unglinga með miðlungsmikinn og verulegan skellusóra (ICONIC-LEAD)

Endapunktur	Ikotrokinra (N=44) n (%)	Lyfleysa (N=22) n (%)
IGA 0 eða 1 og ≥ 2-stiga bæting frá upphafi		
16. vika	37 (84%)	6 (27%)
IGA 0		
16. vika	18 (41%)	1 (4,5%)
PASI 90		
16. vika	31 (70%)	3 (14%)
PASI 100		
16. vika	13 (30%)	1 (4,5%)
CDLQI skor 0/1^a		
N	40	19
16. vika	27 (68%)	2 (11%)

Til styttri tíma lítið var hlutfall svörunar hjá unglingum í 16. viku í ICONIC-LEAD svipað og hjá fullorðnum. Unglingar tóku ekki þátt í slembaða hlutanum þar sem meðferð var hætt. Gögn fengin úr opnum rannsóknum styðja klínískt marktækan ávinning hjá unglingum sem héldu áfram meðferð með ikotrokinra út 52. viku. Samanburðargögn þvert á rannsóknir frá 52. viku styðja svipað hlutfall langtímasvörunar hjá unglingum og fullorðnum.

Í ICONIC-TOTAL tóku aðeins sex unglingar þátt. Í 16. viku náði tölulega stærra hlutfall unglunga 12 ára og eldri, sem fengu meðferð með ikotrokinra samanborið við lyfleysu, IGA skori 0 eða 1 og ≥ 2 -stiga bætingu frá upphafi (67% fyrir ikotrokinra [N=3] samanborið við 0 fyrir lyfleysu [N=3]). Meðferð bæði fullorðinna og unglunga frá 16. viku út 52. viku fór fram skv. opinni klínískri rannsókn og án samanburðar.

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á ICOTYDE hjá einum eða fleiri undirhópum barna við meðferð við skellusóra (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Frásög

Ikotrokinra er efnasamband með lítinn leysanleika og lítið gegndræpi.

Miðgildi (bilið) T_{max} fyrir ikotrokinra eftir inntöku er 2,00 (0,25-8,00) klukkustundir hjá heilbrigðum einstaklingum. Fyrir ikotrokinra var C_{max} að meðaltali 3,62 ng/ml og AUC_{∞} að meðaltali 44,8 ng.klst./ml.

Eftir endurtekna skömmtun einu sinni daglega af ikotrokinra, má búast við að jafnvægi náist innan 3 daga með lágmarksuppsöfnun til samræmis við lokahelmingunartíma þess.

Breytileiki C_{max} og AUC_{∞} milli einstaklinga var áætlaður 26,7% og 19,6%, tilgreint í sömu röð. Breytileiki C_{max} og AUC_{∞} innan sama einstaklings var áætlaður 35,6% og 20,7%, tilgreint í sömu röð.

Samkvæmt forklínískum upplýsingum var nýting ikotrokinra < 1%.

Áhrif fæðu

Hjá heilbrigðum einstaklingum lækkaði samhliða gjöf með einum 200 mg skammti af ikotrokinra til inntöku ásamt hitaeyningarikri, fituríkri máltíð AUC_{∞} fyrir ikotrokinra um 43% og C_{max} um 59%, samanborið við fastandi aðstæður. Taka skal ikotrokinra inn þegar vaknað er og að minnsta kosti 30 mínútum fyrir máltíð.

Enginn munur var á útsetningu eftir inntöku á einni 200 mg töflu af ikotrokinra ásamt koffeini.

Samhliða gjöf á stakri 200 mg ikotrokinra töflu til inntöku ásamt nýmjólk lækkaði C_{max} um 33% og AUC_{∞} um 24% samanborið við samhliða inntöku með vatni.

Dreifing

52% af ikotrokinra er bundið plasmapróteinum. Skiptingarstuðull milli blóðs og plasma var 0,53. Dreifingarrúmmál (V/F) við jafnvægi er 92.800 l.

Umbrot

Ikotrokinra er peptíð og óbreytta virka efnið er aðal lyfjatengda efnasambandið í plasma. Ikotrokinra er umbrotið með peptíðsundrun í smærri peptíð og umbrotnar ekki af völdum CYP ensíma.

